

Fjallskilanevnd Ölfus.

Fundur Fjallskilanevndar haldin í Ráðhúsi Ölfus, 13. mars 2018 kl 9.00

Mættir: Páll Stefánsson formaður, Halldór Guðmundsson, Snorri Þórarinnsson, Ída Lön og Valdimar Ó Jónasson sem skrifar fundargerð.

Formaður setur fund og býður fundarmenn velkomna.

Málefni fundarins er:

Álagning fjallskila 2017 – samantektir og uppgjör.

Fjöldi dagsverka: 164 dagsverk í fyrstu og annari leit.
Aukaleitir: 22 aukaleitir.
Útréttir: 6 dagsverk
Leitarstjórn: 4 dagsverk
Réttarstjórn: 2 dagsverk
Akstur: 1030 km.

Fjöldi fjár í sveitarfélaginu: 1811.

Taxtar:

Ákveðið að hafa taxa þá sömu og undanfarin ár.

| | |
|------------------------|------------|
| Dagsverk | kr. 8.000 |
| Útréttir | kr. 5.000 |
| Leitar og Réttarstjórn | kr. 12.000 |
| Aukaleitir | kr. 11.000 |
| Akstur | kr. 130/km |

Samtals kostnaður við fjallskil er því 1.789.900 kr.

Skipting fjallskilakostnaður er samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar frá apríl 2015 og skiptist þannig:

Bæjarsjóður Ölfus 536.970 kr og fjáreigendur 1.252.930 kr.

Kostnaður á hverja kind: 692 kr.

Smölun afrétta að hausti.

Umræður um tímasetningar og fyrirkomulag haustleita. Fjallskilareglugerð segir að smala skuli fyrri leitir í 22. viku sumars og seinni leitir tveimur vikum síðar. Þessi regla gerir það að verkum að smalanir afrétta verða seint í september sum ár.

Nefndarmenn eru sammála um að ræða þurfi við nágrannasveitarfélög okkar um að tímasetningu haustleita verði breytt þannig að fyrri smölum sé sem næst miðjum september.

Formanni og varaformanni falið að fylgja málinu eftir.

Deiliskipulag jarðhitagarðs við Hellsheiðarvirkjun

Hugmyndir um Orku Náttúrunnar um nýjan jarðhitagarð við Hellsheiðarvirkjun mun hafa áhrif á núverandi aðstæður fjáreiganda í Ölfusi. Meðal annars gerir breytingin ráð fyrir að gott beutiland tapist við framkvæmdirnar.

Fjallskilanevnd leggur áherslu á að þegar framkvæmdir hefjast á svæðinu þá verði þær unnar í samstarfi við forsvarsmenn fjáreigenda í Ölfusi.

Fjallskilanevnd fer þess á leit við Orku Náttúrunar að leggja til uppgræðslu á sambærilegu svæði og þess sem tapast innan beitarhólsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11.00